

Reykjavík, 27. apríl 2022

Innviðaráðuneyti  
b.t. skrifstofu samgangna  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík  
[irn@irn.is](mailto:irn@irn.is)

**Efni: Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 524/2008 um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningaskyldu skipa fyrir Suðvesturland**

Hinn 4. apríl síðastliðinn birti innviðaráðuneytið drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 524/2008 um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningaskyldu skipa fyrir Suðvesturland (mál nr. 77/2022), á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Drögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu.

Almennt lýsa SVP ánægju með að reglugerð nr. 524/2008 sé tekin til endurskoðunar. Stofnreglugerðin var gefin út árið 2008 og virðist aðeins hafa sætt breytingum í eitt skipti, með breytingareglugerð ári síðar, nr. 361/2009. Verður ekki betur séð en að áformaðar breytingar á stærðarmörkum muni draga úr misvægi og léttu nokkuð á íþyngjandi skilyrðum. Þá samræmast breytingarnar vel áherslum í loftslagsmálum og orkusparnaði enda má ætla að þær hafi eldsneytissparnað í för með sér.

Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 524/2008 er kveðið á um 5.000–30.000 brúttótonna stærðarmörk vegna heimildar til siglingar á innri leið, að uppfylltum skilyrðum ákvæða a- og b-liða málsgreinarinnar. Skipum undir 5.000 brúttótonnum er heimilt að sigla leiðina allt árið. Að mati SVP er verulega tímabært að endurskoða mörkin. Má í því samhengi benda á að algengt er að skip undir 10.000 brúttótonnum sæti sömu flokkun samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum, alþjóðasamningum og í tryggingasamningum. Virðist þar á ferðinni þróun sem hefur átt sér stað frá setningu reglugerðarinnar. Hækkun framangreindra stærðarmarka ætti að samræmast vel áherslum í loftslagsmálum og orkusparnaði.

Er því að mati SVP tilefni til að stærðarmörk 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 524/2008 verði 10.000–30.000 brúttótonn í stað 5.000–30.000.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson  
lögfræðingur